

Nd. 506. Frumvarp til laga [266. mál]

um heimild til að selja ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Ólafur P. Þórðarson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Suðureyrarhreppi ríkisjörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin við sölu, sömuleiðis vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda Selárdals, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta hin undanskildu réttindi.

Jörðina eða hluta hennar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

Náist ekki samkomulag um söluverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk hreppsnefndar Suðureyrarhrepps.

Jörðin Selárdalur hefur verið í eigu Jarðasjóðs ríkisins frá árnun 1937, en jörðin fór í eyði árið 1945. Suðureyrarhreppur hefur haft Selárdal á leigu frá fardögum 1977 og hafa íbúar hreppsins notað jörðina til útivistar. Hefur hreppsnefndin hug á að bæta og auka möguleika hreppsþúa til að nýta jörðina til útivistar og leitar því eftir kaupum á jörðinni.

Í frv. er fylgt þeirri stefnu, sem lengi hefur verið fylgt við sölu ríkisjarða, jafnt til einstaklinga og sveitarfélaga, að halda eftir námu- og vatnsréttindum umfram heimilisþarfir. Slíkar heimilisþarfir eru þó bundnar við hugsanlegan ábúanda í samræmi við 15. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Þá er hér fylgt fordæmi fyrri lagasetninga um sölu ríkisjarða til sveitarfélaga, að banna endursölu jarðarinnar nema til ríkisins. Er þessi regla sett með tilliti til sérstöðu þessara jarða vegna nálægðar við þéttbýli.